

Telja verður sannað með framangreindum vottorðum heimilislæknis varnaraðilja og Hrafns V. Friðrikssonar læknis, að varnaraðili sé haldinn geðklofasýki á svo háu stigi, að hann sé af þeim sökum ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum. Þykir því rétt, með vísan til 1. tl. 5. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 að verða við kröfu valdstjórnarinnar og svipta varnaraðilja sjálfræði. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti, sbr. 178. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt 15. gr. lögræðislaga ber að dæma ríkissjóð til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili A skal sviptur sjálfræði. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, 4.000.00 krónur.

Fimmtudaginn 22. september 1983.

Nr. 8/1981. **Örn S. Agnarsson**
(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Sigurði Ó. Jónssyni
og gagnsök

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Skuldamál. Áfrýjun. Gagnsök vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. janúar 1981. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 27. febrúar 1981. Í greinargerð gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti og við munnlegan málf lutning krafðist hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 21.134.36 með 14% ársvöxtum af kr. 15.000.00 frá 22. október 1976 til 21. nóvember 1976, af kr. 16.209.08 frá þeim degi til 1. apríl 1977, af kr. 20.714.76 frá þeim degi til 15. apríl 1977, af kr. 21.134.36 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 28% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júní 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi og til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í gagnstefnu greinir dómsorð hins áfrýjaða dóms, en hvorki er þess getið, í hvaða skyni gagnáfrýjað sé né hverjar dómkröfur gagnáfrýjandi geri. Gagnáfrýjunarstefnan fullnægir því ekki ákvæðum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa gagnsök málsins sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Verður að skýra málf lutning gagnáfrýjanda svo, að hann krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að til kaupa á bifreiðinni G 4238 lagði gagnáfrýjandi verðmæti, sem námu gkr. 1.500.000. Aðilja greinir á um, hvernig gagnáfrýjandi skyldi fá það fé endurgreitt. Er gerð grein fyrir þessum ágreiningi í hinum áfrýjaða dómi.

Það er ósannað, að samið hafi verið um, að gagnáfrýjandi skyldi annast rekstur bifreiðarinnar og taka greiðslu af þeim hagnaði, sem af rekstrinum yrði. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að vextir verða ekki dæmdir frá fyrri tíma, en birtingu héraðsdómsstefnu, 23. júní 1980, svo sem segir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Örn S. Agnarsson, greiði gagnáfrýjanda, Sig-

urði Ó. Jónssyni, kr. 15.000.00 með 46% ársvöxtum frá 23. júní 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983 og síðan hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 14. janúar 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 6. þ. m., hefur Sigurður Jónsson, Breiðvangi 24, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 23. júní 1980, á hendur Erni Agnarssyni, Miðvangi 99, Hafnarfirði.

Í máli þessu verða fjárhæðir tilgreindar í gömlum krónum nema í dómsorði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 2.113.436 með 14% ársvöxtum af kr. 1.500.000 frá 22. október 1976 til 21. nóvember 1976, af kr. 1.620.908 frá þeim degi og til 1. apríl 1977 og af kr. 2.071.476 frá þeim degi til 1. apríl 1977, en af kr. 2.113.436 frá þeim degi til 21. nóv. 1977, en með 17% ársvöxtum frá þeim degi og til 21. febr. 1978, en með 20% ársvöxtum frá þeim degi og til 1. júní 1979, en með 23% ársvöxtum frá þeim degi og til 1. sept. 1979, en með 28% ársvöxtum frá þeim degi og til 1. des. 1979, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi og til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júní 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi og til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

II.

Í stefnu segir m. a.:

„Tilfni máls þessa er það, að á árinu 1976 eða réttara sagt 22. okt. það ár þá ákvæðu stefnandi, stefndi og Bragi Jónsson, sem bjó þá að Miðvangi 123 í Hafnarfirði, að hefja rekstur á vörubifreið af gerðinni Ford, sem bar skrásetningarmerkið G-4238. Bifreið þessi var keypt og var skráð á nafn stefnda Arnar. Stefnandi lagði til fyrirtækisins bifreið sína, sem var Ford Mustang árg. '73 og var metin á kr. 1,5 millj. og gekk sem greiðsla

upp í kaupverð vörubifreiðarinnar. Þá greiddi stefnandi ýmsa reikninga í sambandi við endurbætur og rekstur á bifreiðinni að fjárhæð kr. 492.528.-, og hann vann við fyrirtækið fyrir upphæð kr. 120.908.-. Ætlunin var hjá þremmingunum að gera formlegan samning um reksturinn, en úr því varð ekki, og stefndi Örn seldi bifreiðina án þess að gera hinum aðilunum nokkra grein fyrir útkomu eða skila þeim andvirði bifreiðarinnar. Ljóst er því, að stefndi skuldar stefnanda stefnufjárhæðina kr. 2.113.436.-, sem honum ber að greiða ásamt vöxtum, eins og tilgreint er hér að ofan. Stefndi hefur eigi fengist til að gera upp skuldina, og er málshöfðun því nauðsynleg.“

Málsástæður stefnda koma í aðalatriðum fram í skriflegri aðiljayfirlýsingu hans, er lögð var fram í málinu og hljóðar svo:

„Ég undirritaður Örn Sigurður Agnarsson, Miðvangi 99, Hafnarfirði, gef hér með svofellda aðilaskýrslu vegna bæjarþingsmáls, er Sigurður Jónsson hefur höfðað gegn mér.

Er umrædd bifreið var keypt, hafði ég starfað hjá Jóni V. Jónssyni um 2ja ára skeið. Jón hafði keypt bifreiðina nokkru áður, en hún var ekki á hans nafni og skráð sem Y-4229. Jón Ólafsson, hrl., hafði gert fjárnám í bifreiðinni, og var búið að biðja um uppboð á bifreiðinni ásamt Ford T 8000, árg. 1974, G-997 MAN - dráttarbil og G-2151 Mercedes Benz vörubíl. Synir Jóns, Bragi og Sigurður, fá mig til þess að bjarga þessum vandamálum fjölskyldunnar með því að taka á mig fjárskuldbindingar, þ. e. leysa áðurnefnd fjárnám og fleira, og var bifreiðin sett á mitt nafn og þá skráð sem G-4238. Sigurður lét bifreið sína uppí þessi kaup þannig, að á bifreiðinni hvíldu skuldir hjá Sveini Egilssyni h.f. vegna viðgerða og fleira, og tók Sveinn Egilsson h.f. við afsali fyrir bifreið Sigurðar. Var bifreið Sigurðar þar metin af honum og Sveini Egilssyni h. f. á kr. 1.500.000.00. Eftir þetta taka þeir bræður Bragi og Sigurður við bifreiðinni og gera hana út. Um þetta leyti var ég starfsmaður á vélaverkstæði föður þeirra. Þeir bræður gera síðan bilinn út og þá oft í verkum hjá Jóni V. Jónssyni s. f., enda var Bragi þá aðalrekstraraðili að fyrirtækinu, þar sem Jón V. Jónsson var mikið fjarverandi, s. s. vegna sjúkravistar. Þeir bræður nota bifreiðina í ýmis verk, s. s. við Víðivang í Hafnarfirði á vegum Hafnarfjarðarbæjar, við Flyðrugranda í Reykjavík, akstri á steypumöl fyrir Breiðholt sunnan úr Stapafelli, hjá Ísal hf., Hesthúslóðir og fyrir Þórð Eyjólfsson o. fl. Ég vissi ekki mikið um þetta, enda var hér um að ræða verk ýmist á vegum Jóns V. Jónssonar s. f. eða Braga Jónssonar eða annarra. Reka þeir bilinn frá hausti 1976, þar til ég tek bifreiðina seint í apríl 1977. Þá skráði ég bilinn á bifreiðasölu, en erfiðlega gekk að finna kaupanda. Ég hafði ekki séð uppgjör fyrir bifreiðina og ekki haft neinar tekjur af bifreiðinni eða vinnu. Sigurður og Bragi höfðu alfarið haft með rekstur bifreiðarinnar að

gera og samið um verk og greiðslur. Reikningar vegna vinnu Sigurðar svo og viðgerðir, varahlutir og olía í máli þessu hljóta að tilheyra útgerð Sigurðar á bifreiðinni og mér gersamlega óviðkomandi. Þá efast ég og um, að reikningar þessir séu vegna bifreiðar þessarar að öllu leyti, þar sem bifreiðar Jóns V. Jónssonar s. f. tóku útá reikning Sigurðar, þar sem faðir hans hafði ekki lánstraust.

Gert var ráð fyrir við kaup bifreiðarinnar, að Sigurður fengi umræddar krónur 1.500.000.00 greiddar með ofangreindum hætti við verk bifreiðarinnar. Þeir bræður létu mér hinsvegar aldrei í té uppgjör vegna bifreiðarinnar, en þegar bifreiðin var tekin af þeim í apríl, taldi ég, að Sigurður hefði fengið sinn hlut greiddan og vel það. Ég hafði hinsvegar orðið fyrir ýmsum útgjöldum, s. s. vöxtum og kostnaði við kaup bifreiðarinnar auk þess, sem gera þurfti við bilinn vegna notkunar hans, og hafði billinn slitnað mikið.

Sigurður mótmælti og ekki þessum aðgerðum mínum né sölu bifreiðarinnar. Bifreiðin var seld 14. 9. 1977. Seinna um haustið 1977 er ég boðaður til Hrafnkels Ásgeirssonar, hrl., ásamt þeim Sigurði og Braga. Á þeim fundi kemur fram, að Sigurður telur sig eiga inni vegna útgerðar bifreiðarinnar, m. a. hjá Jóni V. Jónssyni s. f. umtalsverðar fjárhæðir. Telur Sigurður erfitt fyrir sig að ná þeim peningum út, en reynir að telja mér trú um það, að slíkt væri auðveldara fyrir mig. Vildu þeir fá mig til að yfirtaka þær kröfur gegn því, að ég undirritaði skuldaviðurkenningar og annað á móti. Ég mótmælti þessu. Síðan gerist ekki neitt í málinu fyrr en við málssókn þessa, sem kom mér mjög á óvart, þar sem ég taldi máli þessu lokið.

Ég fæ ekki annað séð en Sigurður hafi náð sínum peningum til baka og vel það. Það er rangt hjá vitninu Kolbrúnu Jónsdóttur, systur Sigurðar, að ég hafi átt nokkurn þátt í að semja reikingsyfirlit það, er fyrir liggur í málinu. Vinnunótur og rekstur bifreiðarinnar var í höndum Sigurðar og Bragi honum til aðstoðar.

Ég varð fyrir talsverðu tjóni vegna þessara viðskipta, þar sem ég þurfti m. a. að leggja út fyrir kostnaði og varð fyrir vinnutjóni. Þegar bifreiðin var um vorið í verki hjá Álverinu í Straumsvík, var ég á bifreiðinni í ca. hálfan mánuð og fékk þá vinnu aldrei greidda frá Sigurði, hann var þá með bifreiðina sem undirverktaki í verki, er Jón V. Jónsson var með fyrir Ísal h.f. Bifreiðastjórar á bifreiðinni G-4238 voru ekki ráðnir af mér. Steingrímur Magnússon er eiginmaður Kolbrúnar, systur Sigurðar Jónssonar, en um ráðningu Ólafs Jóhannssonar veit ég ekki, nema hvað hann hafði verið bifreiðastjóri á bifreiðum Jóns V. Jónssonar áður og eftir þetta.“

Rekstursyfirlit það, sem stefndi vitnar til, dskj. nr. 52 í máli þessu, hljóðar svo:

16/11	Þórður Eyjólfsson 330 t. hraun 60/-	kr.	19.800.-
18/11	Þórður Eyjólfsson 880 t. hraun 60/-	—	52.800.-
18/11	Þórður Eyjólfsson 220 t. hraun 60/-	—	13.200.-
17/11	Bæjarsj. Hf. 5 st. dv. 2722/-	—	13.610.-
19/11	Breiðholt 770 hraun 65/-	—	50.050.-
20/11	Breiðholt 660 hraun 65/-	—	42.900.-
22/11	Breiðholt 1350 hraun 65/-	—	87.750.-
23/11	Breiðholt 1200 hraun 65/-	—	78.000.-
25/11	Hraunbrún 280 hraun 50/-	—	14.000.-
25/11	Þórður Eyjólfsson 280 hraun 60/-	—	16.800.-
25/11	Breiðholt 220 hraun 65/-	—	14.300.-
25/11	Breiðholt 1 st. dv. 2722/-	—	2.722.-
6/12	Straumsvík 2½ st. dv. á 2722/-	—	6.805.-
9/12	8 st. dv. á 2722/-	—	21.776.-
10/12	5 st. dv. á 2722/-	—	13.610.-
	Olía 70 lítra á 33/- ÷	—	2.310.-
	Kaup Steingr. Magnússonar ÷	—	96.349.-
	Afsláttur til Þórðar Eyjólfsson 8% ÷	—	8.208.-
	Keirsla v/G-3255 (sic.) ÷	—	77.500.-
	1250 tunnur.		
4/2- 7/2	v/Norðurbæjar verk 1100 tunnur á 40/-	—	44.000.-
5/2- 6/2	v/Flyðrugranda 1540 tunnur á 65/-	—	100.100.-
	10 st. 2500/-	—	25.000.-
8/2-11/2	Norðurbær 900 tunnur á 35/-	—	31.500.-
	4 tímar 2844/-	—	11.376.-
11/2	Örn Agnarsson pen. 100.000.- ÷	—	100.000.-
	Norðurbær 3700 tunnur á 35/- hraun	—	129.500.-
	1300 tunnur á 45/- sandur	—	58.500.-
	Laun Ólafs Jóhannssonar ÷	—	103.938.-
	Bragi V. Jónsson v/frand. ÷	—	40.000.-
	Bragi V. Jónsson bók 4/3 kr. spurning. ÷	—	105.000.-
	Örn Bæjarsj. ÷	—	65.000.-
		kr.	249.794.-“

Raunar virðist niðurstöðutala þessa yfirlits ekki vera kr. 249.794, heldur 913.090 ÷ 533.305 = 379.785.

Þrátt fyrir framburð Kolbrúnar Jónsdóttur hér fyrir dómi verður ekki annað ráðið af þeim gögnum, sem nú liggja fyrir í máli þessu, en að þetta yfirlit sé nánast vipskiptareikningur þessarar bifreiðarútgærðar hjá Jóni V.

Jónssyni s/f, hvort sem þar er um tæmandi viðskiptareikning að ræða eður ei. Ekki er annað fram komið en allar tekjufærslur á yfirlitinu eigi við verk, sem Jón V. Jónsson s/f var með, og allar skuldfærslur séu greiðslur Jóns V. Jónssonar s/f vegna þessarar bifreiðar, þar af hafi kr. 100.000 greiðst til stefnda og kr. 65.000 vegna hans til bæjarsjóðs.

III.

Álit réttarins:

Það er ósannað, að stefnandi Sigurður hafi tekið við neinum greiðslum vegna vinnu umræddrar bifreiðar. Stefndi Örn hefur ekki sýnt fram á nein atvik, er leiði til þess, að stefnandi Sigurður verði talinn ábyrgur gagnvart honum um að standa skil á útistandandi skuldum hjá þriðja aðilja vegna vinnu bifreiðarinnar. Stefndi Örn getur því ekki skuldajafnað slíkum kröfum við stefnukröfu Sigurðar.

Stefnandi Sigurður telur sig hafa greitt reikninga vegna bifreiðarinnar, samtals að fjárhæð kr. 492.528, þar af kr. 155.210 fyrir gasolíu og kr. 314.860 fyrir hjólbarða og hjólbarðaviðgerðir, sem hvort tveggja eru daglegar rekstrarvörur. Afgangurinn, kr. 22.458, er ýmsar smávörur, sem tilheyra daglegum rekstri. Á því tímabili, er Sigurður greiddi þessa reikningar, var bíllinn í nokkuð samfeldri vinnu hjá Jóni V. Jónssyni s/f, og það fyrirtæki lét einnig í té olíu á bílinn, greiddi bifreiðastjórum, er honum óku, vinnulaun o. s. frv., samanber tilvitnað yfirlit. Það er ósannað, að stefndi Örn (sem raunar mótmælir reikningnum að hluta sem þessari bifreið óviðkomandi) hafi nokkru sinni farið þess á leit við stefnanda Sigurð, að hann greiddi þessa reikninga, eða yfirleitt veitt honum umboð til þess að greiða þá án þess að innheimta fyrst fé til þess hjá fyrirtækinu, sem bifreiðin var í vinnu hjá.

Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður af þessum kröfulið með þeim rökum, að stefnandi telst, eins og á stóð, hafa farið út fyrir umboð sitt með því að greiða reikningana án þess að innheimta fyrst fé til þess.

Kröfu stefnanda um greiðslu vinnulauna að fjárhæð kr. 120.908 vegna vinnu við standsetningu bifreiðarinnar á tímabilinu 22. október 1976 til 21. nóvember sama ár hefur stefndi mótmælt, m. a. sem rangri að hluta til. Umrædd viðgerðarvinna fór að sögn stefnanda fram á verkstæði Jóns V. Jónssonar s/f. Stefnandi var starfsmaður þess fyrirtækis, vann einkum á þungavinnuvélum og að því er virðist jafnframt á verkstæðinu eftir því sem til féll.

Telja verður, eins og á stendur, að það hafi ekki verið upplýst eða skýrt í málinu, hverju það sætir, að stefnandi krefur beint fyrir verk, sem hann vinnur á verkstæði vinnuveitanda síns, í stað þess, svo sem venja er, að

starfsmaður krefji vinnuveitanda sinn um laun og vinnuveitandinn síðan viðskiptavininn.

Samkvæmt því verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina vegna vanreifunar.

Það er sannað og raunar óumdeilt í málinu, að stefnandi lét stefnda í té bifreið sína, sem gekk í makaskiptum upp í bifreið stefnda, og að bifreið stefnanda var í þeim viðskiptum metin á kr. 1.500.000. Þeirri viðmiðunar-fjárhæð hefur ekki verið hnekktt, og þar sem ósannað er, svo sem áður er greint, að stefndi eigi nokkrar kröfur á stefnanda til skuldajafnaðar, verður þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

Málskostnaður ákveðst kr. 385.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Örn Agnarsson, greiði stefnanda, Sigurði Jónssyni, nýkrónur 15.000.00 með 13% ársvöxtum frá 22. október 1976 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en 46% ársvöxtum frá þeim degi til 14. janúar 1981, en með hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum) frá þeim degi til greiðsludags, og nýkrónur 3.850.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.